

ÍSLE1ÍD05

Búið til: Thu, 15 May 2014 14:54:25 GMT

Titill

Íslenska á starfsbraut 4

Skammstöfun

ÍSLE1ÍD05

Útgáfunúmer

16

Námsgrein

íslenska

Viðfangsefni

Íslenska á starfsbraut 4

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á skapandi skrif og íslenskar bókmenntir eru í brennidepli. Nemendur kynnast helstu rithöfundum Íslands og verkum þeirra m.a. með ýmiskonar verkefnavinnu, bæði skriflegri og munnlegri, einnig verður lögð sérstök áhersla á heimalestur. Unnið verður markvisst að þjálfun í ljóðagerð og skrifum á örsögum og ýmiskonar lýsingum viðburða og persóna.

Forkröfur

engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- nokkrum helstu rithöfundum Íslands og verkum þeirra
- mikilvægi lestrar
- mikilvægi þess að geta tjáð sig skýrt, jafnt munnlega sem skriflega
- ritun mismunandi texta

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meðferð máls með auknum orðaforða og málskilningi
- lesa mismunandi texta sér til gagns
- lesa sér til dægrastyttingar
- tjá tilfinningar sínar og skoðanir í texta
- rita mismunandi texta við sitt hæfi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá tilfinningar sínar skipulega í texta ...sem er metið með... ljóðum og öðrum skrifum nemenda
- lesa sér til dægrastyttingar
- þekkja til helstu rithöfunda Íslands og verka þeirra

- koma skoðunum sínum á framfæri í ræðu og riti ...sem er metið með... frammistöðu í samræðum og verkefnavinnu
- rita einfalda texta og sögur ...sem er metið með... skriflegum verkefnum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd